

M250392-1

Til: heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Frá: heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Alþingi
Erindi nr. B 115 1778
komudagur 26/3 1992

MINNISBLAÐ

Efni: Tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Vegna umfjöllunar heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis á frumvarpi til laga um Viðlagatryggingu Íslands vill ráðuneytið koma eftirfarandi breytingartillögum við frumvarpið á framfæri. Breytingartillögur þessar byggjast á tillögum Tryggingaeftirlitsins í framhaldi af fundi ráðuneytisins með fulltrúum Tryggingaeftirlits og Viðlagatryggingar Íslands:

1. 1. málsg. 1. gr. orðist svo:

Hlutverk stofnunarinnar Viðlagatryggingar Íslands er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara.

Skýring: Tryggingaeftirlitið telur nauðsynlegt að vísa til 4. gr. því þar er að finna upptalningu á þeim náttúruhamförum sem Viðlagatrygging tekur til. Höfundar frumvarpsins eru sammála þessari breytingu, sbr. bréf þeirra til heilbrigðis- og trygginganefndar dags. 5. mars. 1992.

2. 1. málsg. 3. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skal annast vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar eða gera samkomulag við tiltekinn aðila á váttryggingasviði um vörslu og ávöxtun og/eða bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárisins og áhættudreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma.

Skýring vegna 1. málsliðar: Eðlilegt hlýtur að teljast að stofnunin sjálf annist þetta verkefni. Kjósi hún að semja við annan aðila er óeðlilegt að binda í lög að það skuli vera Seðlabanki Íslands. Rétt þykir hins vegar að binda það í lög að kjósi stofnunin að leita til utanaðkomandi aðila um þetta verkefni þá sé það aðili á váttryggingasviði, m.a. með þeim rökum að Tryggingaeftirlitið telur að það hafi torvelað samskipti sín og Viðlagatryggingar Íslands að aðili utan váttryggingasviðsins, þ.e. Seðlabanki Íslands hefur annast bókhaldið.

Skýring vegna 2. málsliðar: Vísað er til umsagnar Trygginga-
eftirlitsins.

3. a) 2. málsg. 5. gr. orðist svo:

Einnig er skylt að váttryggja neðangreind mannvirki, þótt þau séu ekki brunatryggð:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða

- ríkissjóðs.
2. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
 3. Brýr, sem eru 50 m eða lengri.
 4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.
 5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.
- b) Á eftir 2. málsg. 5. gr. komi ný málsg. sem verði 3. málsg. svohljóðandi:
Vátryggja má eignir, sem nefndar eru í 2. málsg. annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.
- c) 3. málsg. 5. gr. verður 4. málsg.

Skýring: Tryggingaeftirlitið gerir að tillögu sinni að raforkuvirki í eigu hins opinbera sem og síma- og fjarskiptamannvirki í sömu eigu verði ekki færð úr skyldutryggingu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir heldur séu þau áfram skyldutryggð en að tryggja megi þessi mannvirki annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.

4. a) 4. og 5. tl. 1. málgr. 6. gr. fellur niður þar sem búið er að færa þá í 5. gr.
- b) 8. tl. 1. málsg. 6. gr. orðist svo:
Eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva.

Skýring: Þar sem 6. gr. er heimildarákvæði er ónauðsynlegt að banna þar að viðlagatrygging taki til flotkvía o.s.v. frv. og því gerð tillaga um að seinni liður 8. tl. falli niður.

5. 1. másl. 2. mgr. 11. gr. falli niður.

Skýring: Tryggingaeftirlitið leggur til að þessi máslíður falli brott. Óeðlilegt sé að hafa í lögum ákvæði um að lækka iðgjöld Viðlagatryggingar meðan bolmagn stofnunarinnar er ekki meira en raun ber vitni til að mæta stóráföllum vegna náttúruhamfara.

6. 2. málsg. 17. gr. falli niður.

Skýring: Sérákvæði er í frumvarpinu (sem og gildandi lögum) um skemmri fyrningarfrest bóttakrafna á hendur Viðlagatryggingu Íslands. Samband ísl. tryggingafélaga bendir réttilega á þetta atriði í umsögn sinni til heilbrigðis- og trygginganefndar. Ráðuneytið telur eðlilegt og er Tryggingaeftirlit því sammála, að rétt sé að reglur laga nr. 20/1954 gildi í þessu sambandi og verður fyrningarfrestur þá 4 ár í stað tveggja.

7. 19. gr. orðist svo:

Svo fljótt sem auðið er skal stjórn stofnunarinnar taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskyldu sína og fjárhæð vátryggingabóta. Stjórn stofnunarinnar skal úrskurða um ágreiningsefni og vilji tjónþoli

ekki sætta sig við úrskurð stofnunarinnar, getur hann innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning stjórnarinnar skotið ágreiningnum til úrskurðarnefndar. Nefndin skal skipuð af ráðherra. Fjórir menn skulu eiga sæti í nefndinni. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands, hinn þriðji af Háskóla Íslands og hinn fjórði án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga ef ástæða þykir.

Skýring: Tryggingaeftirlitið telur óeðlilegt að fella niður bæði hamfaranefnd og úrskurðarnefnd eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í því tilviki á váttryggður engin önnur úrræði en dómstólaleið ef hann unir ekki niðurstöðu stjórnar. Tryggingaeftirlitið leggur því til að úrskurðarnefnd verði starfandi og skipuð ótímabundið. Nefnd af þessu tagi er tjónþola til hagsbóta auk þess sem tilvera hennar veitir stjórn stofnunarinnar aðhald. Nánari ákvæði um störf nefndarinnar kæmu í reglugerð.

TRYGGINGAÆFTIRLITIÐ

SÚDURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. Sími 685188 FAX 685253

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
c/o Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri
Laugavegi 116
105 Reykjavík.

Reykjavík 25. mars 1992

Í framhaldi af fundi í ráðuneytinu í gær þar sem fjallað var um frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands og framkomnar athugasemdir hefur Tryggingaæftirlitið, samkvæmt beiðni yðar, tekið saman tillögur að breytingum tiltekinna greina nefnds frumvarps.

Þrátt fyrir efnistöð bréfs þessa leggur Tryggingaæftirlitið áherslu á þau atriði sem fram koma í umsögn eftirlitsins dags. 24. janúar 1992. Tryggingaæftirlitið er gagnrýnið á þá endurskoðun sem fram hefur farið á gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Líkt og fram kom á fundinum í gær, var ekki framkvæmd heildarendurskoðun á lögnum heldur skipuð nefnd af hjálpu stjórnar stofnunarinnar sem virðist einkum hafa tekið mið af óskum stjórnarinnar en að því er virðist ekki lagt sjálfstætt mat á það hvernig fyrirkomulag viðlagatryggingar skuli vera. Staðfest var af nefndarmönnum í gær, að heildarendurskoðun hafi ekki farið fram og að vafalítið hefði mátt ígrunda fyrirkomulag váttryggingarskyldunnar ítarlegar. Hafa ber hugfast að frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingar á viðlagatryggingu hér á landi og það er vissulega umhugsunarvert að breyta svo mjög váttryggingarskyldunni á þann hátt sem lagt er til, nema þá fyrst að vel yfirveguðu máli.

Með tilliti til framanritaðs leggur Tryggingaæftirlitið fram tillögur að breytingum tiltekinna ákvæða frumvarpsins, sem það telur nauðsynlegt að fallist verði á ef breyta á gildandi lögum. Þrátt fyrir þær tillögur sem nefndar verða er ekki þar með sagt að Tryggingaæftirlitið sé sammála t.d. fyrirkomulagi váttryggingarskyldunnar. Starfsemi stofnunarinnar hefur verið viðskiptalegs eðlis hvað rekstur varðar, en annars samfélagslegs eðlis. Viðlagatrygging byggir upp sameiginlegan sjóð landsmanna til að mæta tjónum af völdum tiltekinna náttúruhamfara og er umhugsunarvert hve langt eigi að ganga í slíkri samfélagshjálpi. Einhver kann t.d. að halda því fram að lönd og lóðir eigi að vera viðlagatryggðar, venjuleg húseigendatrygging taki ekki til slíkra verðmæta o.s.frv.

1) Tillaga að breytingu 1. gr.

"Hlutverk stofnunarinnar Viðlagatryggingar Íslands er að vátbyggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara."

Tryggingaæftirlitið leggur áherslu á að 1. gr. hafi að geyma tilvísun til 4. gr. sömu

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Dbl. 40327 pags.

25/3 92

laga þar sem upptalningu er að finna á þeim náttúruhamförum er viðlagatrygging tekur til.

Þess má geta að nefndarmenn eru sammála þessari tillögu eftirlitsins sbr. bréf þeirra til heilbrigðis- og trygginganefndar dags. 5. mars síðastliðinn.

2) Tillaga að breytingu á 1. málslíð 1. mgr. 3. gr.

"Stjórn stofnunarinnar skal annast vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar eða gera samkomulag við tiltekinn aðila á váttryggingarsviði um vörslu og ávöxtun og/eða bókhald stofnunarinnar."

Meginatriði er að stofnunin annist þessi verkefni ellegar þau verði í höndum aðila sem starfar á váttryggingarsviði m.ö.o. að viðkomandi aðili kunni skil á váttryggingarstarfsemi.

3) Tillaga að breytingu á 2. málslíð 1. mgr. 3. gr.

"Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárins og áhættudreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma."

Í þessu sambandi skal vísað til nefndrar umsagnar Tryggingaæftirlitsins.

4) Tillaga að breytingu á 5. gr. - 6. gr.

a) Lagt er til að 2. mgr. 5. gr. verði breytt þannig að 4. - 5. töluliður 6. gr., varðandi eignir hins opinbera, falli undir skylduváttryggingu 5. gr. en heimilt verði að kaupa váttryggingu þessara verðmæta annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands ef svo ber undir. Með tilliti til þessa verði 2. mgr. 5. gr. þannig:

"Einnig er skylt að váttryggja neðangreind mannvirki, þótt þau séu ekki brunatryggð:

1.(óbreytt)

2.(óbreytt)

3.(óbreytt)

4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.

5. Síma og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.

Váttryggja má eignir sem nefndar eru í 2. mgr. annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands."

Nefnd tillaga gerir ráð fyrir að heimilt verði að váttryggja verðmæti þau sem 2. mgr. 5. gr. nefnir annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands. Um þetta fyrirkomulag má vafalaust deila hvort heimildin eigi að vera t.d. eingöngu bundin við 4. tölulið 2. mgr. 5. gr. ellegar 4. - 5. tl. sömu greinar o.s.frv. Það er vissulega álitæfni hve langt eigi að ganga í þessu sambandi. Meginatriðið er vitaskuld það að skylduváttrygging sé fyrir hendi.

Sem kunnugt er eru skiptar skoðanir um það hvaða verðmæti eigi að falla undir skylduváttryggingu viðlagatryggingar. Með tilliti til umræðna á nefndum fundi má telja að heildarendurskoðun þyrfti að fara fram á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, þar sem mörkuð yrði skýr stefna um váttryggingarskylduna og má vísa til umsagnar Tryggingaæftirlitsins sem nefnd hefur verið í þessu sambandi.

b) Tryggingaæftirlitið telur að breyta eigi 8. tl. 6. gr. Það er óþarft og reyndar furðuleg lagasmíð að heimildarákvæði skuli banna að viðlagatrygging taki til flotkvía o.s.frv. Lagt er til að nefndur töluliður verði þannig; "8. Eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva."

5) Tillaga að breytingu á 1. málslíðar 2. mgr. 11. gr.

Tryggingaæftirlitið leggur til að 1. málslíður 2. mgr. 11. gr. falli brott. Iðgjöld Viðlagatryggingar Íslands eiga ekki að lækka meðan bolmagn stofnunarinnar er ekki meira en raun ber vitni til að mæta stóráföllum vegna náttúruhamfara.

Sem kunnugt er var samkomulag um þetta atriði á fundinum í gær.

6) Tillaga að breytingu á 2. mgr. 17. gr.

Sérákvæði er í frumvarpinu og gildandi lögum varðandi fyrningu bótakrafna á hendur Viðlagatryggingu Íslands. Tryggingaæftirlitið er sammála athugasemd sem komið hefur fram þess efnis að 2. mgr. 17. gr. falli brott. Falli nefnd 2. mgr. brott gildir regla 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, í þessu sambandi og er það vel.

7) Hamfaranefnd, uppgjörsnefnd. Tillaga að breytingu á 19. gr.

Tryggingaæftirlitið er, þrátt fyrir umræður á nefndum fundi, ósammála því að fella niður ákvæði í lögum um Viðlagatryggingu Íslands um úrskurðarnefndir. Tryggingaæftirlitið er þeirrar skoðunar að úrskurðarnefnd eigi að vera í lögum sem þessum, en einfalda má núverandi skipulag með því að hafa einungis eina nefnd er geti tekið ágreiningsmál til meðferðar. Vitaskuld má deila um stærð og skipan nefndar sem þessarar en í tillögu eftirlitsins verður litið til gildandi laga í þessu sambandi.

"Svo fljótt sem auðið er skal stjórn stofnunarinnar skal taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskyldu sína og fjárhæð vátryggingarbóta. Stjórn stofnunarinnar skal úrskurða um ágreiningsefni og vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð stofnunarinnar, getur hann innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning stjórnarinnar, skotið ágreiningnum til úrskurðarnefndar. Nefndin skal skipuð af ráðherra. Fjórir menn skulu eiga sæti í nefndinni. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands, hinn þriðji af Háskóla Íslands og hinn fjórði án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga ef ástæða þykir."

Samkvæmt 26. gr. frumvarpsins skal tryggingamálaráðherra að fengnum tillögum stjórnar Viðlagatryggingar Íslands setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna. Þessi grein tekur vitaskuld til nefndrar úrskurðarnefndar m.a. í sambandi við kostnað.


Tillaga eftirlitsins gerir ráð fyrir að nefndin skuli skipuð ótímabundið. E.t.v. væri ástæða til að hafa í lagatexta ákvæði þess efnis að nefndin skuli koma saman reglulega. Erfitt er hins vegar að gera tillögu þessa efnis, því vafalítið má deila um það hvort úrskurðarnefnd eigi að hafa önnur verkefni en að taka afstöðu til ágreiningsefna. Þannig má halda því fram að ágreiningsefni ein réttlæti það að nefndin komi saman.

Sem fyrr segir, telur Tryggingaæftirlitið að úrskurðarnefnd eigi rétt á sér í lögum um

Viðlagatryggingu Íslands. Slíkt fyrirkomulag er mjög til hagsbóta fyrir tjónþola hverju sinni auk þess sem það veitir stjórn stofnunarinnar ákveðið aðhald, sem er vel. Það skortir almennt hér á landi, að áliti Tryggingaeftirlitsins, að unnt sé að skjóta til úrskurðaraðila/nefnda, annarra en dómstóla, ágreiningsmálum sem upp kurna að koma í váttryggingarstarfsemi.

Undirritaður er reiðubúinn til að veita fyllri upplýsingar um framanritað verði þess óskað.

Virðingarfyllt
TRYGGINGAEFTIRLITID



Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri

HBR03BR2